

Námsáætlun fyrir íslensku - 9. bekkur Skólaárið 2020 – 2021



Kennari: Björn Vilhelmsson, Einar Sveinn Guðmundsson, Særún Rósa Ástþórsdóttir

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Skólaárið 2020-2021 verður þróunarverkefni í gangi í Gerðaskóla sem gengur út á að nemendum í 8. og 9. bekk er kennt saman í hópum. Hóparnir verða á sérstökum vinnusvæðum þar sem hlúð er að námsumhverfi og mismunandi námsþörfum. Nemendur fá tækifæri til að læra á sínum hraða og takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Kennarar skipta með sér námsþáttum í íslensku og hóparnir eru því hjá mismunandi kennara í hverri lotu. Með þessu fá nemendur og kennarar tækifæri til þess að vinna ítarlega með viðfangsefnið á meðan lotunni stendur.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi geti <ul style="list-style-type: none"> • flutt mál sitt skýrt og áheyrilega, • tekið virkan þátt í samvinnu og samræðum, tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær, • notað upplýsingar úr ýmsum miðlum sér til fróðleiks og skemmtunar, • átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi. 	Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín. Nemendur fá þjálfun í hlustun og einnig er horft á kvikmyndir tengdar bókmenntum sem lesnar verða. Nemendur lesa reglulega upphátt fyrir kennara.	Þátttaka í umræðum og tímavinnu. Stutt ræða.
Lestur og bókmenntir	Nemandi geti <ul style="list-style-type: none"> • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, sér til gagns og gamans, 	Lesin verður Anna frá Stóruborg, Íslendingasagan Gunnlaugs saga og aðrir fjölbreyttir textar. Unnið verður með bókmenntahugtök og stílbrögð. Lesskilningur efldur með markvissum æfingum.	Verkefni og kannanir úr Gunnlaugs sögu, Önnu frá Stóruborg og öðru lesefni. Lesskilningskannanir. Lesfimiþróf.

	<ul style="list-style-type: none"> • greint og skilið aðal- og aukaatriði í margs konar texta og tengsl efnisatriða; og beitt mismunandi aðferðum við lestur, • lesið, túlkað, metið og fjallað um bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta, • beitt og skilið nokkur grunnhugtök í bókmenntafræði. 		
Ritun	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað skýrt og greinilega, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar, • tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, • beitt reglum um réttiritun • valið og skrifað mismunandi textagerðir, notað helstu aðgerðir við ritvinnslu 	<p>Stafsetningarreglur rifjaðar upp og unnið með þær. Ritunaræfingar af ýmsum toga þar sem texta er skipt í efnisgreinar og unnið með hugtökin inngangur, meginmál og lokaorð. Nemendur prófa sig áfram við skapandi skrif með ritun ýmiss konar texta.</p> <p>Nemendur halda lestrardagbók og skrifa reglulega í hana.</p>	<p>Ritunarverkefni.</p> <p>Stafsetningarverkefni og kannanir.</p> <p>Tímaritgerð.</p> <p>Ritunarverkefni skrifað í tölvu.</p>
Málfræði	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt helstu málfræðihugtökum, • valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um 	<p>Einkenni og hlutverk orðflokka.</p> <p>Unnið með orðtök og málshætti.</p>	<p>Verkefni og málfræðikannanir.</p>

	<p>orðmyndun og einingar orða við ritun,</p> <ul style="list-style-type: none"> • flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna, • áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka, • notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt, • gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. • áttað sig á skyldleika íslensku við önnur tungumál og sífelldan breytileika þeirra. 		
<p>Námsgögn: Gunnlaugs saga ormstungu, Anna frá Stóruborg, Skerpa I og II, Málvísir, Hugfinnur, Smásagnasmáræði, Með fjaðrabliki, ljósritað efni, valbækur.</p>			
<p>Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og nemendur fá bókstarfseinkunn í lok skólaárs A, B+, B, C+, C, D.</p>			